

# Ársskýrsla

## Félags forstöðumanna ríkisstofnana

### 2014 - 2015



Stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana og starfskjaranefnd félagsins  
2014 – 2015

Efri röð frá vinstri: Ársæll Guðmundsson, Gissur Pétursson, Kristín Völundardóttir, Indriði G. Þorláksson

Neðri röð frá vinstri: Kristín Linda Árnadóttir, Borghildur Erlingsdóttir, Ingibjörg S. Sverrisdóttir, Halldór Ó. Sigurðsson, Steingrímur Ari Arason

Á myndina vantar Sigríði Lillý Baldursdóttur og Guðjón S. Brjánsson

## Inngangur

Ársskýrsla Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) veitir yfirlit yfir helstu verkefni og megináherslur á starfsárinu maí 2014 til maí 2015. Frekari upplýsingar um starfsemina er að finna á heimasíðu félagsins ([www.ffr.is](http://www.ffr.is)) og í fundargerðum stjórnarfunda og félagsfunda.

## 1. Aðalfundur FFR 14. maí 2014

Þann 14. maí 2014 hélt Félag forstöðumanna ríkisstofnana aðalfund sinn á Grand Hótel í Reykjavík og var hann vel sóttur. Á fundinum var Borghildur Erlingsdóttir, forstjóri Einkaleyfastofunnar, kjörin nýr formaður félagsins. Auk hennar voru kjörin í stjórn Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, Landsbókavörður, Sigríður Lillý Baldursdóttir, forstjóri Tryggingastofnunar, Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar, Halldór Ó. Sigurðsson, forstjóri Ríkiskaupa, Ársæll Guðmundsson, skólameistari Iðnskólans í Hafnarfirði og Guðjón S. Brjánsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.

Í starfskjaranefnd félagsins voru áfram kjörin Steingrímur Ari Arason, forstjóri Sjúkratrygginga Íslands, Kristín Völundardóttir, forstjóri Útlendingastofnunar og Indriði H. Þorláksson, fyrrverandi forstöðumaður.

## 2. Störf stjórnar FFR

Stjórn FFR fundaði að jafnaði mánaðarlega á starfsárinu en tekið var sumarhlé í júlí 2014. Stjórnin hélt alls 10 bókaða stjórnarfundi á starfsárinu auk ýmissa annarra funda sem stjórn, starfskjaranefnd eða hluti þeirra sótti fyrir hönd FFR, meðal annars fundi með starfsmönnum í fjármálaráðuneytinu. Fundargerðir má finna á heimasíðu félagsins.

Stjórn FFR og starfskjaranefnd funduðu oft saman á árinu en einnig voru haldnir sérstakir fundir stjórnar og starfskjaranefndar.

Stjórn FFR kom að fjölbreyttri vinnu tengdum hagsmunum forstöðumanna almennt og stofnana í ríkisrekstri. Hér verður tæpt á helstu málefnum sem mörkuðu störf félagsins á liðnu starfsári.

Aðkoma FFR í tengslum við frumvarp til laga um opinber fjármál hefur verið töluverð. Fjárlaganefnd Alþingis óskaði eftir umsögn FFR um frumvarp til laga um opinber fjármál á vorþingi 2014. Umsögnin var send í byrjun júní sama ár og í

kjölfarið mættu fulltrúar stjórnar FFR á fund fjárlaganefndar. Frumvarpið var lagt fram að nýju á haustþingi 2014 með einhverjum breytingum og var aftur óskað eftir umsögn FFR um frumvarpið. Stjórn FFR lagði áherslu á að fá aðkomu sem flestra forstöðumanna að gerð umsagnar um frumvarpið enda voru margar stefnumarkandi breytingar í frumvarpinu. Í framhaldinu skipti stjórn FFR vinnu við umsögn frumvarpsins í fimm þætti eftir efni þess og sendi tölvupóst til allra félagsmanna þar sem óskað var eftir þátttöku í vinnunni. Tíminn var naumur og því voru ekki margir forstöðumenn sem gátu tekið þátt í þessari mikilvægu vinnu. Fulltrúar stjórnar FFR mættu aftur á fund fjárlaganefndar í nóvember 2014 vegna umsagnar félagsins um frumvarpið. Frumvarpið hefur enn ekki verið samþykkt en vonir standa til þess að það verði samþykkt á vorþingi 2015.

Fjármálaráðuneytið kynnti frumvarpið og fyrirhugaða innleiðingu þess fyrir fulltrúum ráðuneyta og stjórnar FFR á fundi í mars. Fulltrúar í stjórn FFR; Kristín Linda Árnadóttir, Halldór Ó Sigurðsson og Borghildur Erlingsdóttir, auk Kristínar Völundardóttur, fulltrúa í starfskjaranefnd FFR, tóku sæti í vinnuhópum á vegum fjármálaráðuneytisins sem undirbúa framkvæmd og innleiðingu nýs verklags í samræmi við frumvarp til laga um opinber fjármál. Vinnuhóparnir varða *stjórnun og eftirlit, reikningshald og skýrslugerð og upplýsingakerfi*.

Flutningur ríkisstofnana var mikið í umræðunni á síðast starfsári. FFR sendi frá sér ályktun til fjölmiðla 1. júlí 2014 vegna umræðunnar og fyrirhugaðs flutnings Fiskistofu. Ályktunin var birt í fjölmiðum og er svo hljóðandi:

***Í ljósi tilkynningar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um áform um flutning Fiskistofu til Akureyrar sendir stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana frá sér eftirfarandi ályktun.***

*Stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana virðir lögmætar ákvarðanir um flutning opinberra stofnana eða sameiningar þeirra. Félagið telur þó brýnt að minna á mikilvægi þess að við endurskipulagningu á opinberri stjórnarsýslu á Íslandi verði ávallt byggt á faglegum vinnubrögðum og að ráðuneyti fylgi þeim leiðbeiningum sem fjármálaráðuneytið og Ríkisendurskoðun hafa þegar gefið út í þessum efnum [http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/Utgefin\\_rit/Sameining\\_rikisstofnana.pdf](http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/Utgefin_rit/Sameining_rikisstofnana.pdf).*

*Með faglegum undirbúningi er meðal annars átt við greiningu á starfsumhverfi og innviðum stofnunar sem áformað er að flytja, að það liggi fyrir skýr framtíðarsýn og markmið flutnings og að ákvörðun sé vel rökstudd. Einnig er lögð áhersla á að unnið sé ítarlegt kostnaðarmat og að metinn sé faglegur og samfélagslegur ávinningur af flutningi stofnunar. Þá er mjög brýnt að standa vörð um þá þekkingu og þann mannaud sem byggður hefur verið upp hjá viðkomandi stofnun.*

*Samþykkt af stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana  
1. júlí 2014*

Ummæli stjórnvalda þess efnis að forstöðumenn stæðu í vegi fyrir áformum um hagræðingu og góðan ríkisrekstur var til umfjöllunar í fjölmiðlum í desember 2014. Þar var því meðal annars haldið fram að forstöðumenn notuðu óspart fjölmiðla til að mynda samúð með stofnunum. Af því tilefni birtist stutt viðtal við formann FFR í Morgunblaðinu þann 29. desember 2014 þar sem leitast var við að svara þessari gagnrýni. Umfjöllunin er birt á heimasíðu FFR.

Fulltrúi stjórnar FFR, Ingibjörg S. Sverrisdóttir, átti sæti í dómnefnd vegna vegna veitingar nýsköpunarverðlauna og viðurkenninga í opinberri þjónustu og stjórnsýslu 2015. Félag forstöðumanna í samvinnu við fjármála- og efnahagsráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga, Rannís, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Stofnun í stjórnsýslufræðum við Háskóla Íslands standa saman að undibúningi viðburðarins.

Formaður FFR átti sæti í dómnefnd vegna stjórnendaverðlauna Stjórnvísí 2015 sem veitt voru við hátíðlega viðhöfn í Turninum í Kópavogi þann 5. mars 2015. Ánægjulegt var að sjá að nokkrir forstöðumenn ríkisstofnana voru tilnefndir til stjórnendaverðlauna.

Fulltrúi stjórnar FFR, Halldór Ó Siguðrsson, tók sæti í stýrihópi um bókun 2 í kjarasamningi BHM og fjármálaráðherra, dags. 28. maí 2014. Stýrihópnum er falið að meta hvaða tilteknu breytingar á formgerð, uppbyggingu eða innihaldi stofnanasamninga séu til framþróunar. Í þeim tilgangi voru valdar nokkrar stofnanir og stofnanasamningar þeirra endurskoðaðir.

Félag forstöðumanna í samvinnu við fjármála- og efnahagsráðuneyti lagði á síðasta starfsári fram umsókn um styrk úr starfsmenntunarsjóði embættismanna til að greina hæfnisþætti sem leggja grunn að starfs- og frammistöðumati fyrir forstöðumenn ríkisstofnana sem nýst getur til að meta árangur og ákvarða laun fyrir störf forstöðumanna á faglegan hátt. Umsóknin byggir á undangenginni vinnu FFR, allt frá árinu 2010, og fundum með fjármálaráðherra um nauðsyn virkrar mannauðsstjórnunar. Þá byggir umsóknin einnig á skýrslu starfshóps fjármálaráðherra frá 24. apríl 2012 um tillögur að breyttu fyrirkomulagi á starfsmannamálum forstöðumanna. Í skýrslunni kemur meðal annars fram að skilgreina skuli hæfnisþætti fyrir forstöðumenn og nota sem grunn við starfs- og frammistöðumat. Framangreind umsókn hefur ekki verið afgreidd. Stjórn FFR hefur á fundum sínum rætt um stöðu og störf embættismanna auk framkvæmdar lagaákvæða um auglýsingu starfa á 5 ára fresti. Stjórnin hefur nú óskað eftir því að framangreind umsókn taki einnig til skoðunar á þessum þáttum og þar með starfsöryggis forstöðumanna.

### 3. Starfskjaranefnd FFR

Starfskjaranefnd FFR undir forystu Steingríms Ara Arasonar vann að ýmsum mikilvægum verkefnum á starfsárinu. Megin verkefni starfskjaranefndar var að fylgja eftir málaferlum fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem Lára V. Júlíusdóttir hrl. gætir hagsmuna félagsmanna FFR. Félagið hefur stutt málarekstur gegn ríkinu til að fá viðurkenda þá kröfu forstöðumanna að kjararáði beri við ákvörðun um kjör forstöðumanna að hafa til hliðsjónar launþróun miðað við ákveðna viðmiðunarhópa, auk þess sem forstöðumenn hefðu átt að fá launalækkun leiðrétta um leið og lög sem lækkuðu laun forstöðumanna féllu úr gildi á árinu 2010 en ekki tæpu ári síðar.

Málareksturinn gekk mjög hægt á liðnu ári. Þar sem dómarrar heyra einnig undir kjararáð eins og forstöðumenn eru þeir vanhæfir til að dæma í umræddu máli. Það þurfti því að ryðja dóminn og liðu nokkrir mánuðir þar til skipaður var dómari ad hoc í málinu í byrjun árs 2015.

Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp úrskurð í apríl 2015 þar sem málinu var vísað frá dómi vegna formgalla. Þessi niðurstaða var að sjálfsögðu mikil vonbrigði fyrir FFR, einkum í ljósi þess langa tíma sem liðinn var frá því að málið var höfðað.

Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar sem kvað upp dóm í lok maí 2015 þar sem fallist var á síðari hluta þrautþrautavarakröfu stefnanda og lagt fyrir héraðsdóm að taka þann hluta kröfunnar til efnismeðferðar.

Starfskjaranefnd hefur einnig komið að mörgum brýnum erindum er varða réttindi einstakra forstöðumanna auk þess sem nefndin hefur tekið virkan þátt í vinnu í tengslum við frumvarp til laga um opinber fjármál.

Þakka ber Steingrími Ara Arasyni, Kristínu Völundardóttur og Indriða H. Þorlákssyni, sem eru í Starfskjaranefnd FFR, sérstaklega fyrir góð störf í þágu félagsins.

### 4. Fundir og málþing 2014-2015

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands var aðalsamstarfsaðili FFR við að skipuleggja og kynna málþing og námskeið á starfsárinu, eins og undanfarin ár. Samstarfið fór vel af stað og voru haldnir þrjú góðir morgunverðafundir haustið 2014 í samvinnu við FFR.

Í september var haldinn fundur undir yfirskriftinni *Fjárlagafrumvarpið 2015 og áhrif á opinbera starfsemi – Áhrif niðurskurðar á lögbundið hlutverk stofnana*. Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, fór yfir stöðu og horfur í ríkisfjármálum með hliðsjón af fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2015. Steingrímur Ari Arason, forstjóri



Sjúkratrygginga og formaður starfskjaranefndar og Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar og varaformaður FFR, fjölluðu um áskoranir ríkisstofnana við að verða við hagræðingarkröfu á sama tíma og þær sinna lögbundnu hlutverki. Páll Matthíasson, forstjóri Landsspítalans, stýrði fundinum af mikilli röggsemi.

Í október var haldinn fundur sem bar yfirskriftina *Viðverustjórnun og heilsueflandi aðgerðir á vinnustað*. Framsögumenn voru Svava Jónsdóttir, ráðgjafi hjá ProActive-ráðgjöf og fræðslu, Sigríður Hrefna Jónsdóttir, mannauðsstjóri lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Vilhjálmur Kári Haraldsson, mannauðsstjóri Garðabæjar og Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir, sviðsstjóri starfsmannasviðs Háskóla Íslands.

Í nóvember 2014 var haldinn fundur um grænan ríkisrekstur. Framsögumenn deildu reynslusögum og var fundinum vel stýrt af Magnúsi Guðmundssyni, forstjóra Landmælinga Íslands. Framsögumenn voru Hrönn Hrafnadóttir, verkefnastjóri Grænna skrefa hjá Reykjavíkurborg, Elva Rakel Jónsdóttir, teymisstjóri hjá Umhverfisstofnun, Birna Guðrún Magnadóttir, verkefnastjóri hjá Ríkiskaupum og Birna Helgadóttir verkefnastjóri umhverfis- og samgöngumála hjá Landspítala.

Á vormisseri 2015 voru haldnir tveir fundir í samstarfi FFR, Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og annarra aðila.

Í lok janúar 2015 var haldinn hádegisverðarfundur undir yfirskriftinni *Nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu* auk þess sem veitt voru verðlaun og viðurkenning í opinberri þjónustu og stjórnsýslu 2015. Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra flutti ávarp við það tækifæri. Framsögumenn voru Nikolaj Lubanski, framkvæmdastjóri hjá Copenhagen Capacity, Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands og Dr. Rögnvaldur J. Sæmundsson, dósent í iðnaðarverkfræði við Háskóla Íslands. Fundarstjóri var Borghildur Erlingsdóttir, forstjóri Einkaleyfastofunnar og formaður FFR.

Í febrúar var haldinn morgunverðarfundur sem bar yfirskriftina *Umbætur í opinberri stjórnsýslu og árangur þeirra: Hvernig stendur Ísland í samanburði við önnur Evrópuríki? Skoðun og reynsla stjórnenda í opinberri stjórnsýslu*. Á fundinum var greint frá niðurstöðum alþjóðlegrar rannsóknar (COCOPS) og staða Íslands í samanburði við önnur Evrópuríki skoðuð. Könnunin greindi frá skoðunum og reynslu opinberra stjórnenda á Íslandi á umbótum í ríkisrekstri. Um var að ræða mjög umfangsmikla könnun sem lögð var fyrir æðstu stjórnendum í tuttugu Evrópulöndum, þar á meðal Íslandi. Niðurstöðurnar gáfu því áhugaverðan samanburð við önnur Evrópuríki. Framsögumenn voru Pétur Berg Matthíasson, sérfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórn málafræði við HÍ og Sigurður Helgi Helgason, skrifstofustjóri skrifstofu stjórnunar og umbóta hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Í pallborðsumræðum tóku þátt Arnar Þór Másson, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu, Sigríður Lilly Baldursdóttir, forstjóri Tryggingastofnunar og Magnús Guðmundsson, forstjóri Landmælinga Íslands.

Fundarstjóri var Guðrún Ögmundsdóttir, sérfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Fundurinn var mjög áhugaverður og gefa niðurstöður og umræður sem áttu sér stað á fundinum fullt tilefni til frekari eftirfylgni og samstarfs á milli FFR og fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

## 5. Heimasíðan og samfélagsmiðlar

FFR rekur heimasíðu ([www.ffr.is](http://www.ffr.is)) þar sem miðlað er upplýsingum um starfsemi félagsins auk þess að þar má finna ýmsar krækjur sem vísa forstöðumönnum á gagnlegar upplýsingar. FFR er einnig með síðu á samskiptavefnum Facebook. Slóðin á síðuna er: <http://www.facebook.com/forstodumenn>

FFR hefur ekki verið virkt á samfélagsmiðlum undanfarið starfsár.

## 6. Lokaorð

Starf stjórnar og starfskjaranefndar FFR var annasamt á síðasta starfsári eins og undanfarin ár.

Hæst bar vinnu í tengslum við nýtt frumvarp til laga um opinber fjármál. Vinnan fólst bæði í því að rýna frumvarpið og veita umsagnir um það en einnig fólst vinnan á vormánuðum 2015 í því að fá að taka þátt í undirbúningi vegna innleiðingar frumvarpsins. Sú vinna er gríðarlega mikilvæg fyrir forstöðumenn og rekstur ríkisstofnana í náinni framtíð. Æskilegt væri að fá fleiri forstöðumenn að þeirri vinnu á komandi starfsári.

FFR lét einnig til sín taka í tengslum við ákvarðanir, breytingar og umræður sem var beint sérstaklega að störfum og starfsumhverfi forstöðumanna almennt, svo sem flutning ríkisstofnana og almenna gagnrýni á störf forstöðumanna. Mikilvægt er að félagið láti heyra í sér með málefnalegum hætti við slíkar aðstæður þegar umræðan tekur til allra félagsmanna, enda má telja að það hafi áhrif. Í því sambandi er mikilvægt að hafa að leiðarljósi tilgang félagsins sem er meðal annars að vinna að sameiginlegum hagsmunum félagsmanna.

Kjaramál eru sameiginlegt hagsmunamál félagsmanna. Starfsárið einkenndist af bið eftir meðferð dómsmáls, en það var fyrst vorið 2015 sem Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að héraðsdómi bæri að taka þrautþrautavarakröfu stefnanda til efnislegrar meðferðar. Það verður því enn frekari bið eftir efnislegri niðurstöðu í málinu. Innleiðing á starfs- og frammistöðumati hjá hinu opinbera er einnig liður í kjarabaráttu

forstöðumanna. Mikilvægt er að umsókn FFR um styrk til að efla slík viðmið fái skjótan framgang.

Einn megin tilgangur FFR er að efla kynni félagsmanna. Þó svo að fyrirlestrar, málþing og sambærilegir viðburðir leiði saman forstöðumenn má gjarnan setja upp einfaldara kerfi til framtíðar sem miðar að því að forstöðumenn geti meldað sig saman í hádegisverð á nokkra vikna fresti í þeim tilgangi að ræða saman og eiga vettvang til að skiptast á skoðunum og deila reynslu. Ég beini þessari tillögu minni til nýrrar stjórnar FFR á komandi starfsári með von um jákvæðar undirtektir.

Stjórn og starfskjaranefnd FFR er skipað frábærum hópi forstöðumanna sem allir eru tilbúnir að leggja á sig töluverða vinnu til hagsbóta fyrir félagsmenn. Fyrir hönd félagsins þakka ég þeim öllum fyrir einstaklega gott og óeigingjarnt starf í þágu forstöðumanna. Undirrituð hefur verið þeirrar gæfu aðnjótandi að kynnast nýjum og skemmtilegum hópi forstöðumanna á liðnu starfsári. Viðkynningin hefur verið mjög gefandi og lærdómsrík. Á þessum tímamótum hef ég tekið þá ákvörðun að stíga til hliðar úr formannssæti vegna nýrrar og aukinnar ábyrgðar í starfi mínu sem forstöðumaður. Ég gef hins vegar kost á mér áfram til stjórnarsetu ef reynsla mín og kraftar geta orðið að liði. Það hafa verið mikil forréttindi að fá að leiða þennan hóp og þá vinnu sem átt hefur sér stað á liðnu starfsári. Ég þakka það traust og þá frábæru samvinnu sem ég hef átt með stjórn og starfskjaranefnd á liðnu starfsári. Þá má ég til með að þakka sérstaklega Magnúsi Guðmundssyni, fyrrverandi formanni FFR, fyrir hans dyggu ráð og aðstoð á liðnu ári.

*Fyrir hönd stjórnar Félags forstöðumanna ríkisstofnana  
Borghildur Erlingsdóttir, formaður FFR*